
Hráskinna

# Hráskinna

Sýnd í Hugleikhúsinu Langholtsvegi 109-111, vor 2018

Höfundar: Ármann Guðmundsson, Ásta Gísladóttir,
Sigríður Bára Steinþórsdóttir, Þorgeir Tryggvason
Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson

## LEIKENDUR

| | |
|---|---|
| GUÐMUNDUR, BISKUP AÐ SKÁLUM | Eyjólfur Kristjánsson |
| GUÐRÚN, BISKUPSFRÚ AÐ SKÁLUM | Anna Birta Lionaraki |
| GUÐMANN, SONUR ÞEIRRA | Ingvar Örn Arngeirsson |
| SKARLOTTA, VINNUKONA | María Björt Ármannsdóttir |
| HEIÐVEIG, VINNUKONA | Selma Rán Lima |
| MÓRI, ÆTTARDRAUGUR BISKUPS | Flosi Þorgeirsson |
| GUÐVEIG, FRAMLIÐIN VINNUKONA | Margrét Þorgeirsdóttir |
| GUÐLAUGUR, BÓNDI Á FÉÞÚFU | Sjafnar Björgvinsson |
| AUÐUR, EKKJA HANS | Heiðrún Kristín Guðvarðardóttir |
| GUÐSTEINGRÍMUR, SONUR ÞEIRRA | Halldór Sveinsson |
| KJARTAN, GALDRAKERLING | Hrafnhildur Þórólfsdóttir |
| ERKIBISKUP | Óskar Þór Hauksson |
| FJÓSDRAUGAR OG FYRIRBÆRI | Ninna Karla Katrínardóttir |
| | Loftur S. Loftsson |
| | Ásta Elínardóttir |
| | Heiðdís Buzgó |
| | Helga Hlín Bjarnadóttir |
| KÖLSKI | Hann sjálfur |

## HLJÓMSVEITIN NÝDAUÐ

Loftur S. Loftsson: Kontrabassi, gítar, slagverk og mandólín
Ninna Karla Katrínardóttir: Slagverk, banjó, klukkuspil og fiðla
Ásta Elínardóttir: Sög, slagverk, harmonium og mandólín
Óskar Þór Hauksson: Harmonium, gítar og slagverk
Halldór Sveinsson: Harmonium og fiðla
Flosi Þorgeirsson: Kontrabassi

| | |
|---|---|
| SÖNGTEXTAR: | Sævar Sigurgeirsson, Þorgeir Tryggvason, Ásta Gísladóttir |
| SÖNGLÖG: | Þorgeir Tryggvason, Loftur S. Loftsson, Ármann Guðmundsson og hópurinn |
| HVÍSLARAR og SÝNINGARSTJÓRAR: | Heiðdís Buzgó, Helga Hlín Bjarnadóttir |
| HÖNNUN LEIKMYNDAR: | Ingvar Guðni Brynjólfsson |
| GERÐ LEIKMYNDAR: | Jón Örn Bergsson, Eyjólfur Kristjánsson, Ármann B. Ingunnarson |
| LJÓSAHÖNNUN: | Guðmundur Erlingsson |
| LJÓS Á SÝNINGUM: | Guðrún Eysteinsdóttir |
| BÚNINGAR og LEIKMUNIR: | Dýrleif Jónsdóttir, María Björt Ármannsdóttir, Guðrún Eysteinsdóttir, Áslaug Jónsdóttir |
| FÖRÐUN og HÁR: | Ninna Karla Katrínardóttir |
| LJÓSMYNDIR: | María Björt Ármannsdóttir |
| HÖNNUN FORSÍÐU: | Heiðdís Buzgó |
| LEIKSKRÁ: | Ásta Gísladóttir |
| ÞAKKIR: | Benedikt Axelsson, Erla Kristófersdóttir, Hanna Kristín Hallgrímsdóttir, Hermann Karl Björnsson, Kjartan Helgi Rúnarsson, Kolbrún Mjöll Hrafnsdóttir, Kristín Harðardóttir, Leikfélag Mosfellsbæjar, Leikfélag Selfoss, Leikfélag Ölfuss Ljótu hálfvitarnir, Stefanía Elísabet Hallbjörnsdóttir, Vilborg Valgarðsdóttir, Þórunn Guðmundsdóttir, Þröstur Ingvason |

## STJÓRN 2017-2018

| | |
|---|---|
| FORMAÐUR | Dýrleif Jónsdóttir |
| VARAFORMAÐUR | Þórarinn Stefánsson |
| RITARI | Ninna Karla Katrínardóttir |
| GJALDKERI | Guðrún Eysteinsdóttir |
| MEÐSTJÓRNANDI | Óskar Þór Hauksson |
| VARAMAÐUR | Ármann B. Ingunnarson |
| VARAMAÐUR | Ármann Guðmundsson |
| VARAMAÐUR | Ásta Elínardóttir |



Anna Birta Lionaraki



Ármann B. Ingunnarson



Áslaug Jónsdóttir



Ásta Elínardóttir



Dýrleif Jónsdóttir



Eyjólfur Kristjánsson



Flosi Þorgeirsson



Guðmundur Erlingsson



Guðrún Eysteinsdóttir



Halldór Sveinsson



Heiðdís Buzgó



Heiðrún Kr. Guðvarðard.


Helga Hlín Bjarnadóttir


Hrafnhildur Þórólfsdóttir


Ingvar Guðni Brynjólfsson


Ingvar Örn Arngeirsson


Jón Örn Bergsson


Loftur S. Loftsson


Margrét Þorgeirsdóttir


María Björt Ármannsdóttir


Ninna Karla Katrínardóttir


Óskar Þór Hauksson


Selma Rán Lima


Sjafnar Björgvinsson

# HÖFUNDAR

Haustið 2017 var fjórum höfundum – Ármanni Guðmundssyni, Ástu Gísladóttur, Sigríði Báru Steinþórsdóttur og Þorgeiri Tryggvasyni - stefnt saman til að skrifa leikrit um drauga sem hetjur og hina lifandi sem skúrka. Það var eini útgangspunkturinn. Leikfélagið Hugleikur hefur reglulega hóað í höfundahópa til að tjasla saman skemmtilegu og rammíslensku leikriti sem snýr rækilega upp á þjóðararfinn og helst móðgar einhvern. Kosturinn við slíka vinnu er sú að margir hausar geta unnið að sömu hugmyndinni og veitt margbreytilega og frjóa sýn á hana. *Hráskinna* er 21. samstarfsverkefnið sem lítur dagsins ljós.

Við vissum fljótt að verkið átti að gerast á biskupssetri og nafnið Skarlotta kom strax en svo tók við röð af fjörugum fundum þar sem söguþráðurinn var hamraður saman, persónum gefið líf og þær drepnar, þræðir spunnir og eytt um leið ef þeir reyndust slitróttir og engum til gagns. Þannig er ferlið. Samstarfið er mikilvægara en egóið og þótt upp komi ágreiningar er fundin leið sem allir sætta sig við. Þegar verkið hafði tekið á sig þokkalega mynd fékk fimmti höfundurinn, Sævar Sigurgeirsson, það hlutverk að semja söngtexta eins og honum einum er lagið. Svo bættist við tónlistin og Loftur S. Loftsson í höfundahópinn. Fleiri raddir, fallegri söngur. Ómstríður á köflum en áhugaverðari fyrir vikið. En eins og rím-nafna hennar, Gráskinna, er *Hráskinna* margradda verk og jafn líklegt til að veita fólki sáluhjálp og óþokkasælu. Horfið á eigin ábyrgð. - Ásta






Þorkell hét sonur séra Gudbjartar; hann skrifadi fyrstur rúnabókina Gráskinnu er öll fjölkynngi var höfd úr á seinni öldum; bók þessi lá lengi vid skólann á Hólum og lærdu sumir piltar nokkud í henni, helzt hinn fyrsta part er var ritadur med málrúnum. Var þar ekki kenndur galdur né særingar, heldur meinlaust kukl eins og glímugaldur, lófalist og annad þess konar, og gátu allir ordid sáluhólpnir þó þeir lærdu þann partinn. Seinni og lengri parturinn var þar á móti ritadur med villurúnum er fáir gátu komizt nidur í, enda var þeim meinad þad af meisturunum. Þar var allur hinn rammari galdur og urdu þeir allir óþokkasælir og ólánsmenn sem voru rýndir í honum.

Úr þjóðsögum Jóns Árnasonar



## ÁVARP FORMANNS

*Ágætu leikhúsgestir*

*Við kynnum með stolti nýtt húsnæði og nýtt leikverk og bjóðum ykkur velkomin. Samvinna er mér ofarlega í huga á þessum tímamótum. Samvinnan í leikhúsinu. Samvinna höfunda, listrænna stjórnenda, leikhóps og leikstjóra þar sem allir hafa lagt hönd á plóg og hugmyndir fæðst og orðið að margvíslegum verkefni.*

*Nýtt upphaf, nýr staður, nýtt leikverk með frumsaminni tónlist, nýtt leikhús. Það eru forréttindi að hafa þvílíkt einvalalið og fjölhæft í okkar hópi. Sumir hafa verið hér daga og nætur og fyrir það ber að þakka. Nú njótið þið, ágætu gestir, afraksturs vetrarins og fyrsta leikverksins í nýju húsnæði.*

*Til hamingju Hugleikur, til hamingju við.*

*Fyrir hönd stjórnar*
*Dýrleif Jónsdóttir, formaður*

## LEIKSTJÓRI



Rúnar Guðbrandsson nam fyrst leiklist í Danmörku og starfaði þar sem leikari um árabil, með ýmsum leikhópum. Frekari þjálfun hlaut hann m.a. hjá Odin leikhúsinu í Holsterbro, hjá leikhópi Jerzy Grotowskis í Wroclaw í Póllandi, Dario Fo á Ítalíu, Jury Alschitz í Kaupmannahöfn og víðar, og Anatoly Vasiliev í Moskvu.

Rúnar lauk MA og MPhil gráðum í leiklistarfræðum og leikstjórn frá De Montfort háskólanum í Leicester á Englandi og hefur lokið fyrri hluta doktorsnáms í fræðunum. Hann hefur leikstýrt fjölda leiksýninga hérlendis og erlendis og fengist við leiklistarkennslu og þjálfun leikara víða í Evrópu.

Rúnar var fyrsti prófessor í leiktúlkun við Listaháskóla Íslands. Hann hefur rekið leiksmiðjuna Lab Loka síðan 1992, stjórnað þjálfun hópsins og stýrt flestum verkefnum hans hérlendis og erlendis. Hann hefur auk þess fengist við ýmis konar tilraunastarfsemi á vettvangi kvikmynda og gjörningalistar. Hann gegnir í dag stöðu deildarforseta leikistardeildar Kvikmyndaskóla Íslands.

*Hráskinna* er fyrsta leikstjórnarverkefni hans með leikfélaginu Hugleik.



Hugleikur þakkar
Reykjavíkurborg
veittan stuðning

Hugleikur er félagi í
Bandalagi íslenskra
leikfélaga